

# Ársskýrsla

## Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2019-2020



Gleði – öryggi – vinátta  
[www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is)

## Efnisyfirlit

1	Greinagerð leikskólastjóra.....	3
2	Innra mat.....	4
2.1	Stjórnun.....	4
2.1.1	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.....	4
2.1.2	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.....	5
2.1.3	Faglegt samstarf.....	7
2.1.4	Skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.....	9
2.2	Uppeldis- og menntastarf.....	10
2.2.1	Skipulag náms og námsaðstæður.....	10
2.2.2	Námssvið leikskólans.....	12
2.2.3	Mat á námi og velferð barna.....	13
3	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
3.1	Starfsþróunarsamtöl.....	15
3.2	Fræðsla.....	15
4	Covid_19.....	15
	Lokaorð.....	16

## 1 Greinagerð leikskólastjóra

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin samanstendur af þremur deildum, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti ásamt því að hafa fjórðu stofuna, Herjólfsdal til umráða. En í Herjólfsdal er aðstaða fyrir starfsfólk, leikrými fyrir börn og lítið herbergi fyrir sérkennslu sem er kallað Fjósaklettur. Skólastjóri Grunnskóla Vestmannaeyja er Anna Rós Hallgrímsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir. Skólaárið 2019-2020 var ellefta starfsár leikskóladeildarinnar, en fjórða starfsár hennar undir Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Ársskýrsla þessi er fyrir skólaárið 2019-2020 og er afhent Vestmannaeyjabæ.

Skólaárið 2019 - 2020 voru 58 börn í leikskólanum. Þar af voru 34 strákar og 24 stelpur, sem gera 446,7 dvalargildi. Tvö börn voru með sex tíma vistun, sjö börn með vistun á milli 6,25 – 7 klukkutíma, 36 börn með vistun á milli 7,25 og 8 tíma og 13 börn með vistun á milli 8,25 og 9 klukkutíma.

Þetta skólaár voru þrír starfsmenn á deild ásamt starfsmanni sem fór með stuðning inni á deild. Þrjú börn voru með stuðning. Eitt barn inni á Heimakletti var með fimm tíma stuðning, eitt barn inni á Miðkletti með þriggja tíma stuðning og eitt barn inni á Ystakletti með sjö tíma stuðning.

Í Víkinni voru þetta skólaár 18 starfsmenn í 13,2 stöðugildum. Þá voru nokkrir starfsmenn innan skólans og tónlistarskólans sem sinntu kennslu einn tíma á viku, annað hvort tímabundið eða yfir veturinn. Arna Björg Sigurbjörnsdóttir var með leikfimi fyrir börnin einu sinni í viku, Eyvindur Ingi Steinarsson sá um tónlistarkennslu einu sinni í viku en þar sem hann var mikð frá vegna veikinda tók Jarl Sigurgeirsson hans sæti meðan Eyvindur var fjarverandi. Súsanna Georgsdóttir sá svo um danskennslu á vorönn. Aðrir starfsmenn sem komu ekki að starfinu á beinan hátt voru, Einsi Kaldi og hans starfsfólk sem sá um hádegismatinn okkar, skólaliðar sáu um að færa okkur morgunmat og nónkaffi, ásamt því að skammta mat niðri í matsal í hádeginu. Við lok hvers dags kom svo starfsfólk frá Alþrif og sá um þrif á leikskóladeildinni.

Guðrún Benónýsdóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ og var hún hjá okkur eftir hádegi á miðvikudögum og fyrir hádegi á föstudögum. Þá sinnti hún ráðgjöf og greiningu ásamt því að taka börn í þjálfun. Guðrún sinnti þjálfun hjá 14 börnum, þar af voru þrjú börn sem fóru til hennar tvisvar í viku.

Nina Anna Dau er sérkennari hjá Grunnskóla Vestmannaeyja og fengum við átta kennslustundir á viku fyrir áramót en var svö fjölgað í 12 eftir ármót, þar sem hún sinnti málörvun í litlum hópum. Hún sá einnig um framkvæmd Hljóm-2 prófsins í ár. Skólaárið 2019-2020 voru 18 börn í sérkennslu hjá Ninu sérkennara, þar af voru níu börn sem voru einnig í þjálfun hjá Guðrúnu.

Framkvæmdir við Víkina voru í lágmarki þetta árið. Gólf voru bónuð og fengum við tvö kefli og fótboltamark á útilóðina. Gerð var úttekt á hljóðvist Víkurinnar og fengum við skýrslu um niðurstöður hennar nýlega. Nú er verið að vinna úr henni fyrir næsta skólaár.

## 2 Innra mat

Skólaárið 2019-2020 er fyrsta árið í innleiðingu á innra mati leikskólans. Ákveðið var að byrja rólega og vinna að því að fastmóta það á næstu árum. Við höfðum innra matið til hliðsjónar á deildastjóra- og deildafundum vetrarins og funduðum svo nú í júní til að meta hvað gekk vel og hvað má betur fara. Hér er skammtímaáætlunin um innra mat Víkurinnar þetta skólaárið ásamt niðurstöðum, styrkleikum og tækifærum til umbóta.

### 2.1 Stjórnun

#### 2.1.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.

- Námskrá sé aðgengileg.
- Upplýsingaflæði til starfsfólk og foreldra sé gott.
- Leikskólastjóri sé sýnilegur.
- Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs.
- Stefna, starf og markmið skólans séu skýr.
- Stjórnandi fylgir því eftir hvort markvisst sé unnið að stefnu skólans.

#### Niðurstöður

Til stóð að vinna að gerð skólanámskrár fyrir Víkina þetta skólaárið en því miður hefur hún ekki enn litið dagsins ljós sökum tímaskorts og þeirra fordæmalausu tíma sem stóðu yfir í mars/apríl þetta ár. Enn er stefnan að við gefum okkur tíma sem fyrst í að hefjast handa við vinnu hennar.

Upplýsingaflæði til starfsfólks og foreldra er gott. Allar deildir eru með facebook síður þar sem settar eru inn upplýsingar og fréttir af starfsemi Víkurinnar, einnig notum við tölvupóst og Karella ef koma þarf skilaboðum til foreldra. Leikskólinn er með heimasíðu þar sem finna má ýmsar upplýsingar um starfsemina, en bæta þarf fréttaflutning af starfinu þar inni.

Hvað starfsfólk varðar þá eru starfsmanna- og deildafundir haldnir, þar sem farið er yfir starfsemina, hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Við þurfum að bæta í þar, hafa slíka fundi oftár. Morgunfundir eru á hverjum morgni sem standa helst ekki lengur en í 10 mínútur. Þar fer aðstoðarskólastjóri yfir hvaða starfsmenn eru fjarverandi og hver er fyrir hvern, ásamt því að fara yfir ef það er e-ð sérstakt þann daginn varðandi starfsemina eða næstu daga. Einn fulltrúi af hverri deild mætir á þennan fund og er skrifað í þar til gerða fundarbók sem er á hverri deild sem allir starfsmenn eiga svo að kíkja í.

Aðstoðarleikskólastjóri telur sig vera sýnilegan, hún byrjar alla morgna á að fara inn á allar deildir, bjóða góðan daginn og kanna hvernig staðan á hverri deild er hvern dag. Hún stjórnar daglegum morgunfundum, deildastjórafundum þegar þeir eru ásamt starfsmannafundum. Tekur þátt í deildafundum, teymisfundum og foreldrafundum ef þörf krefur. Leysir af inn á deildum ef þörf er á því og gerir sitt besta til að vera í góðum og faglegum samskiptum við starfsfólk.

Aðstoðarskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk til að efla sig í starfi með því að sækja námskeið og/eða fara í nám tengt starfi.

Stefna, starf og markmið Víkurinnar verða vonandi skýrari með tilkomu námskrár sem unt verður að vinna eftir og stjórnandi heldur þá áfram að fylgja því eftir að markvisst sé unnið eftir stefnu skólans.

- **Styrkleikar**
  - Upplýsingaflæði til foreldra og starfsfólks
  - Morgunfundir voru flesta daga
  - Aðstoðarleikskólastjóri er sýnilegur og hvetjandi í starfi
- **Tækifæri til umbóta**
  - Námskrá
  - Marka betur stefnu og markmið Víkurinnar

Umbóta-þættir stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Námsskrá	Að komin verði drög að skólanámsskrá fyrir lok skólaárs	Skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar finna tíma þegar rólegt er í leikskólanum til að fara út úr húsi og hefja vinnuna við skólanámsskrá.	Sem fyrst og lýkur fyrir sumarlokun 2021	Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Janúar 2021 og júní 2021  Samráðsfundir með ólíkum hópum starfsfólks	Að komin sé skýr stefna á markmið og starfsemi Víkurinnar.
Stefna, starf, markmið	Tengist vinnu við námsskrá					
Unnið eftir stefnu skólans						

### 2.1.2 Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.

- Aðstoðarleikskólastjóri mun skrá niður verklagsreglur sínar. Einnig mun hann setjast niður með skólastjóra GRV og fara yfir stöðu mála. Jafnframt mun aðstoðarleikskólastjóri setjast niður með deildastjórum og fara yfir starfslýsingu sína sem og starfslýsingu deildastjóra. Mappa með starfslýsingum þeirra sem starfa innan skólans skal vera inni á hverri deild. Starfslýsing skólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra,

deildastjóra, leikskólakennara, aðstoðarleikskólakennara, þroskaþjálfara og leiðbeinanda í leikskóla.

- Starfsmannaviðtöl ár hvert.
- Forgangsroðun á nýtingu fjármagns og hvernig er leikskólinn rekinn á því fjármagni.
- Undirritun starfsmanna á trúnaðar- og þagnarskildu.

#### Niðurstöður

Ákveðin rúttína er komin á starf aðstoðarleikskólastjóra og hefur hún tekið saman punkta um það sem felst í starfi hennar en hefur ekki sett niður verklagsreglur í kringum það sem í starfi hennar felst.

Skólastjóri GRV og aðstoðarskólastjóri Víkurinnar hittast eftir þörfum og fara yfir stöðu mála hverju sinni.

Starfslýsing aðstoðarleikskólastjóra er klár og er skólastjóri að vinna að gerð starfslýsinga fyrir öll störf innan stofnunarinnar. Enn á eftir að kynna deildarstjórum þetta. Enn á eftir að koma upp möppu inn á hverri deild með starfslýsingum.

Þetta er fyrsta árið sem aðstoðarleikskólastjóri framkvæmir starfsmannaviðtöl, sem voru rafræn vegna þeirra fordæmalausu tíma sem voru í samfélaginu í mars/apríl.

Aðstoðarskólastjóri byrjaði á því að senda út rafræna spurningalista til starfsfólks og þegar búið var að skila völdu starfsmenn sér viðtalstíma og hringdi aðstoðarleikskólastjóri í alla starfsmenn þar sem farið var markvist yfir spurningalistann ásamt því að starfsfólk hafði þarna tækifæri á að ræða fleiri þætti sem tengdust starfseminni bæði jákvæða og neikvæða.

Aðstoðarskólastjóri forgangsraðar í samráði við skólastjóra því fjármagni sem stofnunin hefur til að spila úr í samráði við deildarstjóra

Allir starfsmenn stofnunarinnar skrifa undir þagnarskyldu.

- **Styrkleikar**
  - Starfslýsing aðstoðarleikskólastjóra er til
  - Starfsmannasamtöl voru haldin
  - Fjármagni er forgangsraðað af skólastjóra og aðstoðarskólastjóra
  - Allir starfsmenn skrifa undir þagnarskyldu
- **Tækifæri til umbóta**
  - Setja þarf niður verklagsreglur aðstoðarskólastjóra
  - Klára þarf starfslýsingar fyrir allt starfsfólk leikskólans

Umbótaþættir Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði

Verklagsreglur aðstoðar-leikskólastjóra	Aðstoðar-leikskólastjóri setji á blað hverjar verklags-reglurnar eru sem unnið er eftir		Haust 2020	Aðstoðar-leikskólastjóri	Janúar 2021	Aðstoðar-leikskólastjóri fari eftir þeim verklags-reglum sem settar hafa verið fram
Starfslýsingar í möppu	Allar starfslýsingar sem viðkoma stofnuninni verði til í möppu á deildum		Haust 2020	Aðstoðar-leikskólastjóri		Gott að hafa aðgengilegt svo starfsfólk viti hvað er ætlast til af hverjum starfsmanni

### 2.1.3 Faglegt samstarf

Umræður um þennan hluta voru teknar á deildarstjórafundi.

- Hér ætlum við að leita til deildastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Umræður á deildastjórafundi hvernig þeirra upplifun er á faglegu samstarfi innan sem utan leikskólans. Þeir fagaðilar sem tengjast skólanum eru: stjórnendur GRV í Hamarsskóla, sérkennari, sérkennslustjóri leikskóla Vestmannaeyja, sálfræðingur Vestmannaeyja, ráðgjafafroskaþjálfari Vestmannaeyja, talmeinafræðingur, félagsþjónustan og fræðslufulltrúi Vestmannaeyja.
- Eru fundir boðaðir með góðum fyrirvara? Eru til fundagerðir?
- Samstarf milli Víkurinnar og Hraunbúða.
- Annað samstarf?

#### Niðurstöður

Á skólaárinu 2019-2020 var byrjað að innleiða áætlun um innra mat í Víkinni. Við innra mat kom fram að starfsfólk er ánægt með samstarf við fagaðila og finnst samstarfið vera bæði faglegt og ráðleggingar vera góðar. En allir voru þó sammála um að ferlið tæki of langan tíma og að bið eftir greiningu eða ráðgjöf væri oft erfið. Fundarhöld voru vel skipulögð þetta árið, yfirleitt var góður fyrirvari á þeim fundum sem voru haldnir en ef það kom fyrir að fyrirvari væri stuttur þá var passað að tíminn hentaði öllum. Allir voru þó sammála um að deildarfundir hefðu ekki verið nógu margir í ár og að bæta þyrfti við reglulegum deildarfundum á vinnutíma.

Samstarf á milli Víkurinnar og Hraunbúða hefur gengið vel, breytingar voru gerðar á söngferðum í ár þannig að nú fer bara ein deild í einu og allir saman í annarlok. Þetta fyrirkomulag gekk mun betur og náðum við að njóta heimsóknanna mun betur en áður. Deildarstjórar voru sammála um að við mættum byrja aftur að kíkja í dægradvölinu með börnin líkt og gert var hér fyrir nokkrum árum. Samstarf við aðra aðila hér á eyjunni hafa einnig gengið nokkuð vel, en við mættum vera duglegri að kíkja í heimsókn á þessa staði, en ekki bara að fá þá til okkar.



- **Styrkleikar**
  - Samstarf fagaðila gengur vel
  - Fundarhöld voru vel skipulögð
  - Samstarf milli Víkurinnar og Hraunbúða gengur vel
  - Við eigum í góðu samstarfi við aðra aðila á eyjunni sem gengur vel
- **Tækifæri til umbóta**
  - Stytta þarf biðtíma eftir greiningum og ráðgjöf til foreldra
  - Deildarfundir þurfa að vera oftari
  - Vilji er til að taka aftur upp heimsókn í dægradvöl Hraunbúða
  - Bæta í þegar kemur að samstarfi við aðra aðila á eyjunni

Umbóta- þættir Faglegt samstarf	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig fram- kvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Deildar- fundir	Hafa deildar- fundi reglulega	Finum tíma innan vinnutíma sem deildar geta skipst á að nýta fyrir fundi	Hefst í ágúst 2020 strax eftir sumar- lokun og verður áfram	Aðstoðar- leikskóla- stjóri ber ábyrgð og deildarstjórar framkvæma.	Endurmetið í janúar 2021 á deildarstjóra- fundi.	Hver deild hefur fengið minnst einn fund á mánuði á þessum tíma.
Heimsókn í dægradvöl	Öll börn fari í heimsókn í dægradvölinu á Hraunbúðum	Aðstoðar- leikskóla- stjóri ræðir við Hraunbúðir og finnur hentuga lausn.	Hefst í september 2020 og lýkur apríl 2021	Aðstoðar- leikskóla- stjóri	Við lok skólaárs 2021	Öll börn hafa fengið að kíkja í heimsókn á dægradvöl
Samstarf við aðra aðila á eyjunni	Vera duglegri að kíkja í heimsóknir	Nýta veturinn betur í að fara í vettvangs- ferðir, ekki einungis sumarið líkt og hefur verið gert	Hefst í ágúst og lýkur við sumar- lokun 2021	Deildar- stjórar	Við lok skólaárs 2021	Börnin hafa fengið að kynna stofnunum og söfnum hér í bænum.



## 2.1.4 Skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Umræður um þennan hluta voru teknar á deildarstjórafundi.

- Gera þarf skólanámsskrá. Stefnum að því að hún verði klár við lok skólaársins 2019-2020
- Starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020.
- Langtímaáætlun fyrir innramat er komin og verður birt í námskrá skólans.
- Skólanámsskrá á að vera sýnileg og aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Á skipulagsdögum og starfsmannafundum höfum við farið yfir hvernig við vinnum það starf sem áætlað er að sinna hvern vetur. Hver deild hefur sína stundaskrá og þar koma fram ákveðnar kennslustundir, s.br. íslenska, stærðfræði, listir, tónlist, leikfimi, dans, stig af stigi, frjáls leikur og fleira. Búið er að setja niður hvað á að kenna í hverri kennslustund, s.br. í íslensku eru lögð inn máhljóðin og notast er við kennslugögnin Lubbi finnur málbein. Í stærðfræði eru lagðir inn tölustafir frá einum upp í tíu. Í öllum kennslustundum eru því gögn sem við vinnum eftir og eigum að ná að leggja inn yfir veturinn.
- Eftir veturinn munu deildastjórar skila til leikskólastjóra skýrslu um mat á starfi verarins, hvernig þeim til tókst og hvort unnið var eftir því sem ákveðið var.

### Niðurstöður

Skólanámsskráin okkar er ekki tilbúin og er í raun enn á upphafsreit. Stefnt var að því að vera komin með grunn að námsskrá við lok skólaárs, en okkur hefur gengið illa að finna tíma til að byrja á henni þar sem nóg hefur verið að gera inni á deildunum.

Starfsáætlun var gerð og var unnið vel eftir henni. Allar deildar náðu að klára flest það sem við ætluðum okkur, en Covid-19 og önnur veikindi settu þó örlítið strik í reikninginn. Til að mynda var ein deild sem ekki náði að klára alla tímana sem við höfðum áætlað á okkur í stig af stigi.

- **Styrkleikar**
  - Starfsáætlun var gerð og unnið eftir henni
  - Deildar náðu að klára flest það sem áætlað var, þrátt fyrir takmarkanir sem urðu á starfinu í ár.
- **Tækifæri til umbóta**
  - Gera þarf skólanámsskrá fyrir Víkina
  - Passa þarf að allar deildirnar nái að klára stig af stigi

Umbótaþættir Skólanámsskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Markmið með umbótu m	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat ; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmu m við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er

					, safna gögnum)	við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Skólanámsskrá – sjá töflu í kafla 2.1.1						
Stig af stigi	Að allar deildir náí að klára 12 tíma í stig af stigi	Tökum það úr dagskipulagi þannig að hver deild geti unnið það í minni hópum oft yfir vikuna.	Maí 2021	Deildarstjórar	Janúar 2021 og maí 2021  Deildarstjórafundur	Allar deildir hafa náð að klára fyrsta hluta stig af stigi.

## 2.2 Uppeldis- og menntastarf

### 2.2.1 Skipulag náms og námsaðstæður

Umræður um þennan hluta voru teknar á deildarfundum og síðar á deildarstjórafundi.

- Fara yfir húsnæði og útisvæði leikskólans. Er leikskólinn að bjóða börnum upp á uppbyggilegt námsumhverfi?
- Fara yfir efnivið, náms- og kennslugögn. Eru þau aðgengileg fyrir starfsfólk?
- Hljóðvist leikskólans. Hvernig upplifir starfsfólk, börn og foreldrar hljóðvistina?
- Námsgögn. Er leikskólinn vel settur að námsgögnum t.d. bækur, spil, leikföng, púsl, ritföng og öðrum efnivið.
- Umræður um þetta hér fyrir ofan verða á deildarstjórafundi og í framhaldi að því verður tekin ákvörðun um úrvinnslu þessara punkta.

#### Niðurstöður

Allt starfsfólk leikskólans var sammála um að umhverfi leikskólans væri ekki nógu gott fyrir börn til að sinna námi á leikskólastigi. Gera þarf verulegar úrbætur á hljóðvist deildanna þannig að hægt sé að starfa inni á deildinni án þess að vera undir stanslausu áreiti frá leik barnanna. Starfið inni á deildunum líður fyrir það hversu mikið áreiti og læti eru á deildinni allan daginn. Við lok dags er bæði starfsfólk og börn þreytt og oftast en einu sinni hafa börn kvartað yfir höfuðverk vegna hávaða.

Að sama skapi voru allir sammála um að gera þurfi verulegar úrbætur á leikskólalóðinni og að það verði að gera eitthvað fyrir næsta skólaár. Leikskólalóðin bíður upp á takmarkaða afþreyingu og það sem er í boði er úr sér gengið og lélegt. Það sást vel í vetur þar sem leikir barnanna einkenndust að miklu leiti af slagsmálaleikjum þegar börnin áttu í erfiðleikum með að finna sér eitthvað að gera.

Starfsfólk var almennt ánægt með efnivið og kennslugögn en fannst þurfa að gera hann aðgengilegri fyrir allar deildir. Þó voru flestir sammála um að bæta þurfi við úrval af bókum og púslum. Einnig var rætt um að efniviður væri mismunandi á milli

deilda og að það þyrfti að fara í gegn um hann og skipta jafnt á milli eða setja í sameiginlegan gagnagrunn þar sem það á við.

- **Styrkleikar**
  - Efniviður og kennslugögn eru að mestu í góðu standi
- **Tækifæri til umbóta**
  - Gera þarf úrbætur á hljóðvist deilda
  - Gera þarf úrbætur á útilóð leikskólans
  - Gera þarf sameiginlegan efnivið aðgengilegri
  - Fjárfesta þarf í nýjum bókum og púslum.

Umbótaþættir skipulag náms og námsaðstæður	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð-araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Hljóðvist	Að minnka stanslaust áreiti v. Hljóðmengunnar	Kaup á nýjum og betri hljóð-einangrandi skilrúmmum, hljóð-dempanði efni á vegg, filtkúlur undir alla stóla	Byrjum á einni deild fyrir opnun eftir sumarlokun 2020. Hinar fylgja ef vel til tekst.	Skólastjóri og aðstoðar-leikskóla-stjóri	Október 2020  Á deildar-stjórafundi  Janúar 2021 á starfsmanna-fundi	Börn og starfsfólk hætta að kvarta yfir hávaða og höfuðverk. Betur gengur að vinna með börnin í minni hópum. Starfsfólk finnur fyrir minna álagi v. áreitis.
Leikskólalóð	Að útivera auki nám og þroska barnanna.	Krefjast þess að þær aðstæður á lóðinni sem á að laga fyrir næsta skólaár verði aðlagðar að okkar þörfum á meðan okkar lóð er löguð.	Byrjar í ágúst 2020	Skólastjóri og aðstoðar-leikskóla-stjóri	Nóvember 2020 á deildar-stjórafundi með skólastjóra  Við annarlok vorið 2021	Að börnin finni gleðina við að fara út að leika og læri og þroskist í útiverunni.
Efniviður	Að efniviður sé	Setja upp hillu í	Júní 2020	Starfsfólk Víkurinnar	Janúar 2021 og maí 2021	Allt starfsfólk nýtir sér

	aðgengilegur fyrir allt starfsfólk leikskólans	geymslunni okkar þar sem sameiginlegur efniviður er geymdur og skipulagður			á starfsmanna fundi	sameiginlegan efnivið í daglegu starfi.
Leikefni	Að allar deildir bjóði upp á svipuð leikefni	Taka saman allan efnivið til leiks og deila jafnt á milli deilda. Skapa rúllu fyrir þau leikföng sem ekki eru til þrjú eintök af.	Byrjar fyrir sumar-lokun.	Starfsfólk Víkurinnar	Reglulega yfir árið	Allar deildir upplifa sig vera að sitja við sama borðið.

### 2.2.2 Námssvið leikskólans

Umræður um þennan hluta voru teknar á deildarfundum og síðar á deildarstjórafundi

- Eftirfarandi spurningar verða lagðar til umræðu á deildafundi í maí 2020 þar sem farið verður yfir úrbætur.
  - Er unnið með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri?
  - Er ritmál sýnilegt?
  - Er unnið markvisst með heimamenningu allra barna?
  - Er unnið með jákvæð samskipti og félagsleg tengsl.

#### Niðurstöður

Við höfum verið dugleg að vinna með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri en mættum þó vera duglegri að vinna með Þórarinn Eldjárn og auka vinnuna í kring um þau ljóð. Ritmál er sýnilegt inni á deildum að einhverju leiti en við mættum þó vinna að því að gera það sýnilegra, þó án þess að skapa of mikið auka áreiti.

Við vorum flestar sammála því að við séum mjög duglegar að vinna með menningu okkar hér í Vestmannaeyjum, en mættum bæta okkur mikið í því hvernig við vinnum með menningu barna af öðrum þjóðernum.

Jákvæð samskipti og félagsleg tengsl er eitthvað sem við vinnum með jafnt og þétt yfir allt árið og höfum við verið duglegar að vinna með það í ár. T.d. með sögunum „má ég vera memm“, „Júlíus“ og „Fill a bucket“ sem höfum þýtt yfir á íslensku, ásamt því að unnið er markvisst með Stig af stigi og er það nýtt í daglegu starfi þegar upp koma aðstæður sem bjóða upp á það.

- **Styrkleikar**
  - Vel er unnið með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri
  - Menning Vestmannaeyja er vel samtvinnuð við starfið okkar
  - Vel er unnið með jákvæð samskipti og félagsleg tengsl

- **Tækifæri til endurbóta**

- Dýpka vinnuna í kring um Þórarinn Eldjárn
- Vinna betur með menningu barna af öðru þjóðerni

Umbóta-þættir námssvið leik-skólans	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Vísur Þórarins Eldjárns	Fara dýpra í vinnuna með vísur Þórarins Eldjárns	Skipuleggja vinnu í kring um hverja þulu fyrir sig. Útbúa gagnagrunn	Við upphaf næsta skólaárs.	Deildarstjórar og starfsfólk inni á deildum	Í janúar 2020 Starfsmannafundur	Við lok skólaárs verður kominn upp gagnagrunnur sem hægt er að vinna eftir næstu ár.
Menning barna af öðru þjóðerni	Vinna betur með menningu þjóðerni barna af erlendum uppruna	Kynna okkur betur þjóðerni og hátíðardaga barna sem eru á leikskólanum. Vinna meira með foreldrum og fá aðstoð frá þeim. Nýta þjóðfána þeirra barna.	Sem fyrst	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Apríl 2021 spurningarlisti til foreldra barna af erlendum uppruna.	Niðurstöður frá spurningalista

### 2.2.3 Mat á námi og velferð barna

Umræður um þennan hluta voru teknar á deildarfundum og síðar á deildarstjórafundi

- Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.

- Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þátta (s.s. alhliða þroska, sjálfstæðis, áhugsviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæðis og sköpunarkrafts, tjáningar og samskipta).
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra.
- Börn taka þátt í að meta nám sitt.
- Börn fá tækifæri til að setja sér markmið.
- Starfsfólk hefur svigrúm til að sinna skráningu og mati.
- Þessir punktar verða lagðir inn á deildastjórafundi. Skapa með þeim umræður inni á deildum við samkennara. Hver er okkar staða?

#### Niðurstöður

Við höfum verið með einhverjar skráningar, en höfum þó ekki verið að gera það nógu markvisst og finnst vanta markvissari skráningaraðferð. Fyrir foreldraviðtöl í mars höfum við gert almennt mat á hæfni, námi og velferð barna sem tekur tillit til margra þátta og metum þar alhliða þroska barnanna sem síðar er rætt í foreldraviðtölum. Starfsfólk var einnig sammála um það að svigrúm til skráningar væri ekki nógu mikið, en þá spilar helst inni stanslaust áreiti inni á deild. Lítið tækifæri til að komast í næði og erfitt er að skipta hópnum niður í smærri einingar sem auðveldara er að vinna með.

Allt starfsfólk var sammála um það að starfið hér væri unnið í miklu samstarfi við foreldra og höfum við reglulega fengið hrós frá foreldrum fyrir gott samstarf.

Börnin hafa ekki tekið mikinn þátt í að meta nám sitt og hefur það ekki verið gert markvisst. Einungis hefur verið rætt um eða gerðar skoðanakannanir á meðal þeirra um hvort þeim finnst hlutar starfsins skemmtilegir. Að sama skapi fá börnin að einhverju leyti að setja sér markmið innan leikskólans, en við þyrftum kannski að gera það sýnilegra.

- **Styrkleikar**
  - Mat á hæfni barna tekur tillit til margra þátta og er alhliða þroski barnanna metinn
  - Samstarf við foreldra hefur gengið vel
- **Tækifæri til umbóta**
  - Gera þarf skráningar markvissari og skapa betra svigrúm til skráninga
  - Vinna þarf að því að leyfa börnunum taka meiri þátt í mati á námi og markmiðasetningu

Umbóta- þættir mat á námi og velferð barna	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð, hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur,	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að

					safna gögnum)	meta hversu vel tókst að ná markmiði
Skráningar	Að gera skráningar markvissari	Stefnt er á að taka inn Tras skráningu á Víkinni ásamt Kirkjugerði og Sóla.	Strax að loknu Tras námskeiði í haust.	Aðstoðar-leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennsluráðgjafi	Skólalok 2021	Við lok skólaárs 2021 verður komin Tras skráning fyrir öll börn leikskólans
Mat á námi	Að börnin meti nám sitt reglulega	Gera reglulega skráningu á mati barnanna á sínu námi. Setja upp form sem starfsfólk getur fyllt út.	Byrjun haustannar 2020	Starfsfólk	Vor 2021	Börnin kunni að meta sjálf hvernig þeim gengur í leikskólanum.

### 3. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

#### 3.1 Starfsþróunarsamtöl

Aðstoðarleikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við starfsmenn leikskóladeildarinnar, 17 talsins. Samtölin voru tekin í apríl og voru þau gerð með rafrænum hætti í ár vegna Covid-19. Sendir voru út rafrænir spurningalistar til starfsfólks þar sem spurt var almennt um líðan starfsfólks, vinnu þeirra og upplifun af vinnustaðnum. Síðan var rafrænt viðtal með hverjum starfsmanni þar sem listinn var nýttur sem rammi. Samtalið var þó samt sveigjanlegt og gat starfsmaður komið sínum skoðunum á framfæri þó svo að það væri ekki inni í rammanum. Viðtölin gengu vel, við fengum nokkrar góðar ábendingar um hluti sem má gera betur en að jafnaði voru starfsmenn ánægðir með þá vinnu sem við erum að gera á leikskólanum. Andinn virðist vera góður og fólki líður vel í starfi.

#### 3.2 Fræðsla

Skólaskrifstofa var með námskeið í vetur, einhver voru valkvæð en önnur skylda fyrir starfsfólk. Allt starfsfólk sótti skyndihjálparnámskeið. Ætlunin var einnig að allir sætu námskeið í barnavernd. En það námskeið frestaðist fram á næsta ár vegna Covid-19.

Hluti starfsmanna sótti Pecs námskeið, námskeið um hegðunarvanda barna, Lubbanámskeið, ráðstefnu 8 deildar KÍ, morgunfund hjá RannUng um stjórnun í leikskóla og námskeið frá Bugl um tengslavanda barna.

### 4. Covid\_19

Frá 18. mars til 4. maí var sett á samkomubann vegna Covid-19 faraldurs. Voru þá settar takmarkanir á starf leikskólans. Mánudaginn 18. mars var starfsdagur þar sem starfsfólk gat



undirbúið deildirnar og starf fyrir takmarkanir næstu daga. Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri unnu þrotlausa vinnu þann dag við gerð aðgerðaráætlunar og skipulags fyrir þetta fordæmalaus tímabil. Annað starfsfólk leikskóladeildarinnar vann þann daginn við að endurskipuleggja deildir, dót, áhöld og annan búnað sem fylgir leikskólanum þannig að hægt var að vinna eftir þeim takmörkunum sem voru í gangi.

Undirbúningur fyrir takmarkanir gekk vel, starfsfólk stóð sig með stakri þryði og voru allir tilbúnir að leggja á sig auka álag og vinnu til að láta þetta tímabil ganga upp. Aðgerðaráætlun var send á fræðslufulltrúa og fékk starfsfólk þá einnig opinn aðgang að aðgerðaráætlun sem breyttist reglulega á tímabilinu.

Starfsemin á Covid-19 tímabilinu gekk vel, foreldrar voru ánægðir með upplýsingaflæði og skipulag. Starfsfólk var vel upplýst og voru samskipti mikil. Deildarstjórar tóku á sig mikla auka ábyrgð og unnu oft vel fram yfir sinn vinnutíma og fram á kvöld. Aðstoðarleikskólastjóri stóð sig mjög vel í að halda öllu saman og á tímabili þar sem óvissa var mikil. Aðstoðarleikskólastjóri, Deildarstjórar og allt starfsfólk vann þrekvirki á þessum tímum og eiga skilið hrós fyrir vel unnin störf.

## Lokaorð

Starfið byrjaði vel og endaði vel. Lubbi, stærðfræði og listir fengu að njóta sín ásamt frjálsa leiknum sem var gegn um gangandi í gegn um starfið okkar. Við höfum fengið að sjá miklar framfarir hjá okkar börnum og gleði í leik og starfi. En einnig höfum við þurft að takast á við ýmsar áskoranir og þurft að læra að vinna markvisst að því sem betur má fara í starfi.

Að mörgu leiti eru það þó aðstæður sem há okkur mest í starfi og má þar helst nefna aðstæður á útilóð og hljóðvist á deildum. Mestu vandræðin voru á útilóðinni, en þar lentum við oftast í vandræðum vegna aðstöðuleysis. Það er erfitt að vera með leikskóladeild þar sem ekki er hægt að nýta leikskólalóðina til að létta undir starfi, t.d. í manneklu og kaffitímum.

Þetta skólaár hefur verið krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt. Það á enga hliðstæðu og var allt starfsfólk sett í aðstæður sem það hafði aldrei upplifað áður og þrátt fyrir fordæmalaus tíma náðum við flestum af okkar markmiðum í starfi þetta árið. Við erum stoltar af okkar starfi, okkar samstarfsfólki og okkar börnum.

Vestmannaeyjum 30. júní 2020

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri GRV  
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar